

Dagur í lífi bæklunarlæknis á Sjúkrahúsi Akureyrar

Elísabet Björgvinsdóttir

Vaknaði kl. 05:15, fór í ræktina og hljóp 10 km áður en börnin fimm vöknudu. Djók.

Klukkan hringir kl. 07:30, snúsa tvisvar. Hundurinn vaknar líka, hann er að komast á kynþroska ... Fann úttættan bangsa liggjandi á gólfinu, svívirtan ... Þessi ljónabangsi man sinn fífil fegurri ... Sópa upp restinni af ljónabangsanum áður en ég kveiki á kaffivélinni.

Fyrsta vikan er að klárast eftir stutt sumarfrí. Júlí er hálfnaður og það eru 5 gráður úti ... á Akureyri ... það hlýtur að þýða að inferno er á næsta leyti því að það er alltaf gott veður á Akureyri. Sendi tvö yngstu börnin gangandi á leikjanámskeið í KA. „Mamma mig vantar nesti“.

„Já barnið mitt, mig vantar líka ýmislegt því Seðlabankastjóri hatar mig ... Reyndu nú að græja þetta sjálfur, ég fór í Bónus í gær og keypti mat fyrir milljarð.“

Maðurinn minn skutlar mér í vinnuna, það tekur 3,5 mínútur en ég bara nennti ekki að labba ... yfirlæknir á ekki að þurfa að labba í vinnuna, ég ætti að vera með privat-bílstjóra ... sagði engin.

Stimpla mig inn, fer á röntgenfund og hittir kollega Ólaf Ingimarsson og afleysingalækninn okkar frá Svíþjóð, hana Elmu.

Deildarlæknirinn og kandídatinn reyna

að koma röntgenkerfinu í gang ... Æjá, röntgenlæknar halda ekki röntgenfundum því bæklunarlæknar skoða myndirnar sjálfir; ok Ísland.

Förum á stofugang eftir röntgenfund, inniliggjandi túristar og post-op sjúklingar.

Bæklunarlæknar á Akureyri eru mjög fjölhæfir, geta lesið EKG og túlkað blóðprufur ... en bara ef það stendur texti á ritinu „abnormal EKG“ og blóðprufurnar eru ekki rauðar. Spyr Ólaf Ingimarsson sem er að skoða EKG: „Óli hvað fékkstu eiginlega í medicine á lokaprófinu, þú ert úlfur í sauðargæru, hvað er eiginlega að þér?“

Svar: „Að sjálfsögðu, Elísabet, kann maður að lesa EKG, ég les ekki þennan japanska texta, við erum læknar ... Það sér hver maður að þessi sjúklingur er úr takti eða eins og maður segir á þýsku: Dieser Mann hat keinen Sinusrhythmus.“ Hláturskast ...

Höldum áfram með stofugang. Blótum skemmtiferðaskipum og svo fer ég í pappír. Sit í pappírsvinnu og diktera vottorð ... drep.

Fer svo á fund með mannauðsstjóra og staðgengli framkvæmdastjóra lækninga til að ræða framtíðina.

Rosalega er gott að vinna á SAK, bjartsýn upp á framhaldið. Fer heim og elda bjúgu.



Selfie tekin fyrir tónleika með Ljótu hálfvitunum á Græna hattinum.

Fyrsta vikan er að klárast eftir stutt sumarfrí. Júlí er hálfnaður og það eru 5 gráður úti ... á Akureyri ... það hlýtur að þýða að inferno er á næsta leyti því að það er alltaf gott veður á Akureyri.

Sendi tvö yngstu börnin gangandi á leikjanámskeið í KA. „Mamma mig vantar nesti.“